

Nd.

139. Frumvarp til laga

[115. mál]

um breyting á lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálp í viðlögum.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Hjálp má einnig veita samkvæmt lögum þessum vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Er það nú flutt á ný óbreytt.

Lög um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10 frá 25. jan. 1952, voru sett til þess að aðstoða heimili, er húsmóðir gat ekki sinnt heimilisstörfum vegna veikinda eða annarra skyldra orsaka. Skv. skilningi laganna mun atvinna húsmóður utan heimilis — eða einstæðs föður — ekki tryggja rétt til hjálpar skv. lögnum, þegar börn eða aðrir, sem kunna að vera á framfæri heimilisins, veikjast og þurfa umönnunar við.

Þegar lög um heimilishjálp í viðlögum voru sett, kom fram í umræðum á Alþingi, að slík hjálp ætti að tryggja, að heimilishættir röskuðust sem minnst, þótt húsmóðurinnar nyti ekki við um stundarsakir, að börn, aldraðir og sjúklingar, sem á heimilinu væru, fengju eftir sem áður nauðsynlega umönnun og að fyrirvinnan þyrfti ekki að leggja niður vinnu til að taka að sér heimilisstörf.

Móðir, sem sér sjálfri sér og börnum sínum farþóða með starfi sínu utan heimilis, stendur oft frammi fyrir því að verða að biðja um leyfi frá störfum vegna veikinda barna sinna. Oft er hún af þeim ástæðum dæmdur lélegur vinnukraftur og býr við skert atvinnuöryggi af þeim sökum. Einstæðum feðrum, sem halda heimili fyrir börn sín, fer einnig fjölgandi, og ætti réttur til heimilishjálpar einnig að standa þeim til boða, er veikindi steðja að heimilinu.

Það er skoðun flm., að tímabært sé að breyta lögum um heimilishjálp á þann veg, sem að ofan greinir, til þess að tryggja sem best umönnun veikra barna eða annarra, sem eru í umsjá húsráðanda, og atvinnuöryggi húsráðenda sjálfra. Sanngjarnt virðist, að heimilishjálp nái til allra, er þurfa hennar við, án tillits til hjúskaparstéttar eða kynferðis fyrirvinnunnar.

Lögð skal áhersla á, að ekki er átt við veikindi á heimilum, þar sem heimilishjúkrunar er þörf. Ætti því ekki að þurfa að breyta í neinu þeim kröfum, sem nú eru gerðar til þess starfsfólks, sem vinnur á vegum heimilishjálpar sveitarfélaga.